



Skýrsla húsnefndar 2020

Á nýliðnu starfsári GD var starfsleyfið endurnýjað fyrir rekstur skálans. Heilbrigðiseftirlitið fór fram á að lítil handlaug væri sett í eldhúsið ásamt búnaði með; bréfaþurrum, sápu og spritti. Eyjólfur Óli sá um verkið.

Einnig var rafvirki fenginn til þess að tengja neyðarljós en þau eru staðsett, annarsvegar í stofu og hinsvegar í forstofu. Rafvirkinn endurnýjaði tengla sem voru úr sér gengnir.

Klöaksfrárennslið gaf sig um mitt summar og var það lagfært af Eyjólfri Óla og Haraldi Ólafss. Áður en þeir hófu verkið komu verkakar frá Stíflubjónustu Suðurlands til þess að meta skemmdirnar.

f.h. húsnefndar
Bryndís Scheving, formaður GD